

Stjórn Sorpu bs.

Ár 2016, föstudaginn 4. mars, var haldinn 359. fundur stjórnar SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.07:30. Mættir: Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Guðmundur Geirdal og Guðlaug Kristjánsdóttir. Rósa Guðbjartsdóttir boðaði forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins undir lið 1 voru Þorgils Óttar Mathiesen og Hrafnhildur Helgadóttir frá KPMG og Ólafur Kristinsson og Ingvar Garðarsson frá endurskoðunarnefnd SORPU bs. Fundarritari var Sigríður B. Einarsdóttir

Tekið fyrir:

1. Ársreikningur árið 2015.
Framkvæmdastjóri kynnir ársreikning ársins 2015. Helstu niðurstöður eru að hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru 404 milljónir en hagnaður með fjármagnsliðum er tæpar 417 milljónir. Eignir samtals í árslok voru 2.718 milljónir. Framkvæmdastjóri kynnir einnig samanburð ársreiknings og áætlunar. Rekstur endurvinnslustöðvanna var þungur á síðasta ári m.a. vegna ófyrirséðra breytinga á stöðinni á Dalvegi, vegna starfsmats og nýrra kjarasamninga. Niðurstaða endurvinnslustöðvanna er að skuld sveitarfélaganna við SORPU vegna reksturs endurvinnslustöðvanna árið 2015 er kr. 50.838.575,-. Staðan verður rædd á næsta eigendafundi. Þorgils Óttar Mathiesen og Hrafnhildur Helgadóttir endurskoðendur kynntu áritun endurskoðanda og endurskoðunarskýrslu KPMG um endurskoðunina. Ólafur Kristinsson og Ingvar Garðarson frá endurskoðunarnefnd SORPU kynntu bréf endurskoðunarnefndar dagsett 3. mars 2016. Stjórn samþykkir ársreikning 2015 og undirritar reikninginn.
2. Rýnifundur stjórnenda.
Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöður rýnifundar stjórnenda og helstu verkefni framundan.
3. Erindi frá Vestmanneyjabæ um móttöku úrgangs.
Lagt fram bréf Vestmanneyjabæjar þar sem óskað er eftir að SORPA taki við almennum úrgangi og lituðu timbri frá Vestmanneyjum. Um er að ræða ca. 1.250 tonn á ári af almennum úrgangi og ca. 350 tonn af lituðu timbri á ári. Málið rætt. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að ganga til samninga, tímabundið til 1. september 2016, við Vestmannaeyjabæ um móttöku þessa úrgangs. Jafnframt er framkvæmdastjóra og formanni falið að funda með fulltrúum Vestmanneyjabæjar með framtíðarskipan í huga.
4. Lokun á móttöku fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir á Kjalarnesi.
Með hliðsjón af minnisblaði framkvæmdastjóra, dagsettu 20.01.2016 sem kynnt var á síðasta stjórnarfundum ákveður stjórn að móttöku skilagjaldsskyldra umbúða verði hætt á Kjalarnesi enda er aðgengi góður að þessari þjónustu á endurvinnslustöðinni í Mosfellsbæ.
5. Fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina í Reykjavík um kostnað vegna utanlandsferða.
Kynnt fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina dagsett 15.2.2016 um kostnað við utanlandsferðir kjörinna fulltrúa. Kynnt svar framkvæmdastjóra dagsett 22.2.2016.
6. Næsti fundur.
Næsti fundur stjórnar ákveðinn 15. apríl 2016, kl 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 9:40

Bjarni Torfi Álfþórsson

Halldór Auðar Svansson
Guðlaug Kristjánsdóttir
Guðmundur Geirdal
Sigríður Björg Einarsdóttir

Jóna Sæmundsdóttir
Hafsteinn Pálsson
Bjarni Hjarðar
Björn H. Halldórsson